

13. október 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Þann 29. júní 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Landsafl ehf. með sér sátt vegna brots Landsafls ehf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Landsafl ehf., sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl, með því að hafa með því að hafa ekki skilað listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum til Fjármálaeftirlitsins síðan rafrænt skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins var tekið í notkun í desember 2006.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.